

Ákvæði í stjórnarskrá fylkisins Hessen um lagafrumkvæði kjósenda

| Ákvæðin eftir breytingar samþykktar í þjóðaratkvæðagreiðslu 28. október 2018 | | Hliðstæð ákvæði í tillögum Stjórnlagaráðs (SLR) um íslenska stjórnarskrá | Umsögn ÞH |
|---|---|---|---|
| Ákvæðin á þýsku | Þýðing ÞH | | |
| | | 65. gr. | |
| | | 65. gr., 1. mgr. | |
| | | Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lög in falla úr gildi, ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó ákveðið að fella lög in úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur. | Samsvarandi ákvæði er ekki í Hessen. Segja má að þessi grein SLR sé óþörf. 66. gr. í tillögum ráðsins kuni að duga. Kjósendur geta skv. þessari 65. gr. lagt fram lagafrumvarp um brottfall settra laga. Einmitt það er nefnt út í þeim lögum í Hessen sem útfæra 124. stjórnarskrárgrein þeirra. Þó er sá hængur á að í þessari 65. gr. er kveðið á um að úrskurður þjóðarinnar sé bindandi, endanlegur, en í þeirri 66. að það sé á valdi Alþingis að ákveða hvort þjóðaratkvæðagreiðsla skuli vera bindandi eða einungis ráðgefandi. Væri kveðið skýrt á um það í 66. gr. að úrskurður þjóðarinnar væri endanlegur, eins og í 124. gr. þeirra í Hessen, mætti fella 65. gr. í tillögu SLR brott. |
| | | 65. gr., 2. mgr. | |
| | | Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram. | |
| Artikel 124 | 124. grein | 66. og 67. gr. | |
| | | 66. gr., 1. mgr. | |
| | | Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi. | Þetta var hugsað sem mjög almennt ákvæði um þjóðarfrumkvæði og er etv. óþarft. |
| (1) 1-2 Ein Volksentscheid ist herbeizuführen, wenn ein Zwanzigstel der Stimmberechtigten das Begehren nach Vorlegung eines Gesetzentwurfs stellt. Dem Volksbegehren muss ein ausgearbeiteter Gesetzentwurf zugrunde liegen. | 1. mgr., 1. og 2. másl. Efna skal til þjóðaratkvæðagreiðslu, ef tuttugasti hluti kosningabærra manna óskar þess með framlagningu lagafrumvarps. Fullgerður frumvarpstexti verður að vera til grundvallar þjóðaratkvæðagreiðslunni. | 66. gr., 2. mgr., 1. másl. Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. | SLR ræddi lengi hvort hlutfallið ætti að vera 10% eða 15% og greiddi atkvæði þar á milli. Í Hessen var hlutfallið 20% en nú ákváðu kjósendur atkvæði um að lækka það alveg niður í 5%. |
| (1) 3 Der Haushaltsplan, Abgabengesetze oder Besoldungsordnungen können nicht Gegenstand eines Volksbegehrens sein. | 1. mgr., 3. másl. Fjárlög, skattamál eða launareglur [hins opinbera] má ekki bera undir þjóðaratkvæði. | 67. gr., 2. mgr., 1. másl. Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjárukaulög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera dómstólar þar úr. | SLR vildi vera varkárt og undanskildi fleiri mál en er í stjórnarskrá Hessen. |
| (2) 1 Das dem Volksbegehren zugrunde liegende Gesetz ist von der Regierung unter Darlegung ihres Standpunktes dem Landtag zu unterbreiten. | 2. mgr., 1. másl. Ríkistjórnin skal leggja [lagafrumvarpið] sem liggur þjóðaratkvæðagreiðslunni til grundvallar fyrir Landsþingið ásamt eigin sjónarmiðum. | 66. gr., 2. mgr., 2. másl. Alþingi getur lagt fram gagnstillögu í formi annars frumvarps. | SLR var gagnrýnt fyrir að mæla ekki fyrir um hver skuli leggja frv. kjósenda fram á þinginu. Ráðinu fannst þetta óþörf smásmygli. Í Hessen ber að leggja frv. kjósenda fram sem stjórnarfrumvarp, enda þótt ríkisstjórnin kuni að vera því ósammála. En SLR veitti Alþingi (nú eða ríkisstjórn) heimild til að leggja fram annað frumvarp og leyfa þá þjóðinni að velja á milli. Þetta er að svissneskri fyrirmynd. (Með hliðsjón af þýskri nákvæmni skýtur það skökku við að í þýska textanum er talað um "lög" þegar ætti að standa "lagafrumvarp!") |

| | | | |
|--|--|---|--|
| <p>(2) 2</p> <p>Der Volksentscheid unterbleibt, wenn der Landtag den beehrten Gesetzentwurf unverändert übernimmt.</p> | <p>2. mgr., 2. másl.</p> <p>Falla skal frá þjóðaratkvæðagreiðslunni ef Landsþingið samþykkir hið framlagða lagafrumvarp óbreytt.</p> | <p>66. gr., 2. mgr., 3. másl.</p> <p>Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði, svo og frumvarp Alþingis komi það fram.</p> | <p>Skv. ákvæðum í 67. gr. hjá SLR skal vera forsvar fyrir hverri undirskriftasöfnun sem hafi heimild til að leita málamíðlunar við Alþingi og draga frv. kjósenda til baka ef svo ber undir. Aftur að svissneskri fyrirmynd. Í Hessen getur þingið einungis náð sáttum með því að samþykkja frv. kjósenda möglunarlaust.</p> |
| <p>(3) 1</p> <p>Die Volksabstimmung kann nur bejahend oder verneinend sein.</p> | <p>3. mgr., 1. másl.</p> <p>Í þjóðaratkvæðagreiðslunni skal einungis greiða atkvæði með eða móti.</p> | | <p>Þetta á vart við um ákvæðið hjá SLR enda kunna kjósendur að þurfa að velja á milli tveggja frumvarpa.</p> |
| <p>(3) 2</p> <p>Das Gesetz ist durch Volksentscheid beschlossen, wenn die Mehrheit der Abstimmenden, mindestens jedoch ein Viertel der Stimmberechtigten dem Gesetzentwurf zugestimmt hat.</p> | <p>3. mgr., 2. másl.</p> <p>Lagafrumvarpið er samþykkt, ef meirihluti þeirra sem atkvæða greiddu, þó fjórðungur kosningabærra manna hið minnsta, geldur frumvarpinu jáyrði sitt.</p> | <p>66. gr., 2. mgr., 4. másl.</p> <p>Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi.</p> | <p>Hér er reginmunur á stjórnarskrá Hessen, hvort sem er í fyrri eða nýrri gerð, og tillögu SLR. Ráðið gekk ekki lengra en að heimila Alþingi að láta þjóðaratkvæðagreiðsluna vera bindandi, en í Hessen var og verður það skylda að hafa hann bindandi, þ.e.a.s. að þjóðin hafi alltaf úrslitavald. SLR gekk út frá því að meirihlutinn réði skilyrðislaust úrslitum. Svo hefur og verið í Hessen, en nú lagði Landsþingið fyrir þjóðina að meira þurfi til. Hugsanlega er þetta eins konar mótleikur við það að krafan um 20% stuðning við undirskriftasöfnun er lækkuð í 5%. Þau 20% kjósenda sem hafa hrundið þjóðaratkvæðagreiðslunni af stað hljóta að mæta á kjörstað og styðja lagafrumvarp sitt. Þá er ekki langt í að frumvarpið njóti stuðnings 25% kosningabærra manna. Í SLR var rætt um slíkar hindranir en bæði þóttu þær ólýðræðislegar en jafnframt vart nothæfar þegar greidd eru atkvæði milli hugsanlega tveggja frumvarpa. Hvort ætti þá að gjalda þess að ná ekki 25% stuðningi? Eða ætti það að gjalda um bæði, ella yrði hvorugt samþykkt. (Aftur um þýska (ónákvæmni: Í þessum másl. er í textanum í Hessen grautarlega talað um gild eða greidd atkvæði, en meiningin er væntanlega gild atkvæði.)</p> |
| | | <p>66. gr., 3. mgr.</p> | <p>SLR var þarna rausnarlegt til að góður tími gæfist til að ná sáttum milli sjónarmiða Alþingis og talsmanna undirskriftarsöfnunar. Ekkert slíkt ákvæði er í stjórnarskrá Hessen. Væntanlega skal atkvæðagreiðslan þar fara fram svo fljótt sem auðið er.</p> |
| <p>(3)</p> <p>Das Verfahren beim Volksbegehren oder Volksentscheid regelt das Gesetz.</p> | <p>3. mgr.</p> <p>Í lögum skal kveðið á um fyrirkomulag á frumkvæði kjósenda og þjóðaratkvæðagreiðslu.</p> | <p>67. gr., 2. mgr.</p> <p>Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.</p> | <p>SLR er hér nákvæmara til að tryggja viss framkvæmdaatriði. Þetta er gert í Hessen með ítralegum lögum um fyrirkomulag á lagafrumkvæði kjósenda.</p> |

Ákvæði í stjórnarskrá fylkisins Hessen um hvernig stjórnarskránni verði breytt

| Ákvæðin í gildandi stjórnarskrá Hessen | | Hliðstæð ákvæði í tillögum Stjórnlagaráðs um íslenska stjórnarskrá | Umsögn ÞH |
|--|---|--|---|
| Ákvæðin á þýsku | Þýðing ÞH | | |
| Artikel 123 | 123. gr. | 113. gr. | |
| (1) | | | |
| Bestimmungen der Verfassung können im Wege der Gesetzgebung geändert werden, jedoch nur in der Form, dass eine Änderung des Verfassungstextes oder ein Zusatzartikel zur Verfassung beschlossen wird. | Ákvæðum stjórnarskrárinnar má breyta með lögum, en þó aðeins þannig að texta stjórnarskrárinnar sé breytt eða með viðbót [stjórnarskrár]greina. | | Í Hessen er sem sagt ekki hægt að breyta stjórnarskránni með kollsteypu. Þetta er í stíl við ákvæði sumra stjórnarskráa (þeirrar bandarísku, norsku og að hluta stjórnarskrár þýska sambandslýðveldisins). Þá verður vissulega að vera orðið tryggt að fyrirleggjandi stjórnarskrá standist tímans tönn. SLR var sakað um að vilja bylta gildandi stjórnarskrá. Svo er þó alls ekki; tillögur ráðsins taka efnislega upp nokkurn veginn öll ákvæði þeirrar gildandi, en bæta við mikilvægum ákvæðum sem vantar í þá núverandi. Breytingartillögur stjórnlagaráðs myndu efnislega rúmast innan þessa ákvæðis í stjórnarskrá Hessen. |
| (2) | | <i>113. gr., 1. mgr.</i> | |
| Eine Verfassungsänderung kommt dadurch zu Stande, dass der Landtag sie mit mehr als der Hälfte der gesetzlichen Zahl seiner Mitglieder beschließt und das Volk mit der Mehrheit der Abstimmenden zustimmt. | Breyting á stjórnarskránni nær þannig fram að ganga að hún sé samþykkt á Landsþinginu af meira en helmingi þingmanna og [síðan] staðfest af meirihluta kjósenda. | Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. | Hér eru ákvæðin efnislega eins hjá SLR og í Hessen. Í íslensku þýðingunni á ákvæðinu um nauðsynlegan meirihluta á Landsþinginu fyrir stjórnarskrárbreytingu er talað um "meira en helming þingmanna" en í þýska textanum segir "mehr als der Hälfte der gesetzlichen Zahl seiner Mitglieder", sem efnis þýðir "meiri en helming þess fjölda þingmanna sem tilgreindur er í lögum". Hér er vísað til þess að grunntala þingmanna samkvæmt stjórnarskránni er 110 en síðan geta bæst við jöfnuarmenn og það ekki fáir, t.d. 27 í kosningunum 28. okt. 2018. Væntanlega merkir því þetta stjórnarskrárákvæði að á þingi þurfi meiri hluti þeirra þingmanna sem taka afstöðu að samþykkja stjórnarskrárbreytinguna, en þó aldrei ekki færri en 56 þingmenn; þ.e.a.s. helmingur af 110 og einu sæti betur. En þetta er ekki sagt berum orðum. (Þriðja dæmið um þýska ónákvæmni!) |
| | | <i>113. gr., 2. mgr.</i> | |
| | | Hafi 5/6 hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður. | Þetta ákvæði er ekki í Hessen. SLR hafði í huga smávægilegar breytingar sem væri óumdeildar. En vissulega voru uppi þau sjónarmið í ráðinu að þetta væri hættulegt ákvæði. |
| Artikel 150 | 150. gr. | | |
| (1) | | | |
| Keinerlei Verfassungsänderung darf die demokratischen Grundgedanken der Verfassung und die republikanisch-parlamentarische Staatsform antasten. Die Errichtung einer Diktatur, in welcher Form auch immer, ist verboten. | Stjórnarskrárbreyting má í engu hrófla við hinni lýðræðislegu grunnhugsun stjórnarskrárinnar né heldur stjórnarformi lýðveldis og þingræðis. Einræði, í hvaða formi sem er, er bannað. | | Ekki væri verra að hafa slíkt varúðarákvæði í okkar stjórnarskrá, enda þó ákvæðið lýsa fremur vilja en mætti. |
| (2) | <i>2. mgr.</i> | | |
| Hiergegen verstoßende Gesetzesanträge gelangen nicht zur Abstimmung, gleichwohl beschlossene Gesetze nicht zur Ausfertigung. Trotzdem verkündete Gesetze sind nicht zu befolgen. | Lagafrumvörp sem eru í blóra við ofangreind [1. mgr.] skal ekki bera undir atkvæði [á þinginu], en hafi lög [af þessum tagi] verið samþykkt skal ekki ganga frá þeim [til birtingar]. [Slík] lög, sem engu að síður hafa verið birt, skal ekki virða. | | Sama gildir hér um. |
| (3) | <i>3. mgr.</i> | | |
| Auch dieser Artikel selbst kann nicht Gegenstand einer Verfassungsänderung sein. | Þessari [stjórnarskrár]grein sjálfri verður ekki breytt. | | Og hér líka. |
| Heimildir | | | |
| https://www.verfassung-hessen.de/direkte-demokratie | | http://www.stjornlagarad.is/starfid/frumvarp/ | |
| http://lawwww.de/hlv/Aktuell/hv_text.htm | | | |